



Aðstoðarmatráður

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir laust starf í skólaeldhúsi sveitarfélagsins.

Í skólaeldhúsinu er eldaður og framreiddur matur fyrir leik- og grunnskóla sveitarfélagsins og vinna starfsmenn þess á báðum starfsstöðvum.

Við leitum að jákvæðri og duglegri manneskju í framtíðarstarf þar sem meginverkefni eru:

- Aðstoð við matargerð
- Framreiðsla á mat
- Frágangur og þrif

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla af starfi í eldhúsi er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stundvísi, snyrtimennska og jákvætt viðhorf

Um er að ræða 75% stöðu þar sem vinnutíminn er frá 8-14. Hér er að hluta til unnið miðað við skóladagatal grunnskólans og er því um launadreifingu að ræða yfir sumartímann.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og FOSS. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Við hvetjum einstaklinga til að sækja um starfið óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 25.okt nk. Umsóknir skulu berast rafrænt á www.olfus.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Róbert Þór Gunnarsson matreiðslumaður robertg@olfus.is og Guðni Pétursson sviðsstjóri gudni@olfus.is